

Aðalfundur foreldrafélags Lágafellsskóla 26. september 2016

Kosning rita og fundarstjóra

María Pálsdóttir var kjörin fundarstjóri.

Gunnar A. Ólafsson var kjörinn ritari.

Skýrslur stjórnar og fulltrúa

22 foreldrar eru mættir á fundinn.

Formaður Þórhallur Jóhannsson, flutti skýrslu stjórnar.

Hér er stiklað á stóru úr þeirri skýrslu:

7 fundir voru haldnir síðasta vetur og hafa fundargerðir verið settar inn á heimasvæði foreldrafélagsins á heimasíðu skólans.

Sett var upp Facebook síða fyrir foreldrafélagið „Foreldrafélag Lágafellsskóla“ auk síðu fyrir bekkjarfulltrúa.

Hvatt til að nota þá síðu enn meira til að virkja foreldra betur.

Kynning var á síðasta ári á foreldrasáttmála frá Bryndísi Jónsdóttur frá Samfok.

Ýmsar tillögur um úrbætur og breytingar hafa verið ræddar við skólayfirvöld s.s.:

Hávaði í mötuneyti var ræddur við skólayfirvöld og leiddi það til enn frekari útbóta.

Ákveðið hefur verið að skipta út gúmmíkurli á knattvöllum. Foreldrafélag hefur komið að því máli.

Jólabingói var festað og í staðinn var haldið páskabingó, það var eitthvað gagnrýnt.

Að lokum þakkaði Þórhallur fyrir gott samstarf innan foreldrafélagsins sem og við skólayfirvöld.

Skýrsla fulltrúa skólaráðs

Flutt af Ólöfu Kristínu Sívertsen sem var með Þórhalli í ráðinu.

Hún tilgreindi fyrirkomulag þessa hóps, en foreldrafulltúar hafa umsagnarrétt innan skólaráðs.

5 fundir voru haldnir yfir veturinn

Kosið er annað hvert ár og Ólöf býður sig fram til áframhaldandi setu í ráðinu.

Skýrsla stjórnar / svæðisstjórn (Óskar)

Óskar ræddi um svæðisstjórn/ráð og „Heimili og skóla“.

Hann vísaði í Helgu Margréti sem hvatti til þessarar vinnu fyrir um þremur árum.

Svæðisráðið er skipað tveimur fulltrúum frá hverjum skóla og svo velur svæðisráðið sér einn fulltrúa sem situr fyrir hönd foreldra í fræðsluráði Mosfellsbæjar.

Vísaði hann í góða reynslu af ráðgjöf frá Vöndu Sig sem veitti m.a. góða ráðgjöf um meðferð eineltismála.

Lög / lagabreytingar FFLS

Þórhallur fór yfir að það þurfi að kjósa um fulltrúa í skólaráð en slíkt ákvæði vantaði inni í löginn undir liðnum dagskrá aðalfundar.

Tillaga að lagabreytingu var send út með fundarboði til foreldra og fjallar hún um formið á því hvernig kosið er í nefndir sbr. ofangreint. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fjármál / ársreikningur

Sjóður í upphafi skólaárs (1.9.2015) var 550.263.-kr.

Tekjur sem að mestu eru greiðslur foreldra í félagið voru 777.855.-kr.

Fjöldi foreldra sem greiðir var um 450 síðasta vetur, en árgjaldið er 1500 kr. á heimili.

Páksabingo skilaði tekjum upp á rúmlega 100 þúsund krónur.

Fjárútlát svo eitthvað sé nefnt: Útskriftarverðlaun, ferðastyrkir, leiksýningastyrkir, fræðsukvöld og ýmiss kostnaður við páksabingó – 364.515.-kr.

Staðan í dag 963.006.-kr. á bók.

Tillaga um óbreytt árgjald sem er 1500 kr. á fjölskyldu var samþykkt samhljóða.

Kosting fulltúar

Ólöf Kristín Sívertsen bauð sig fram til formanns og var kosin samhljóða.

Nýir aðilar í stjórn til tveggja ár eru þau:

Elva Mjöll Þórs

Þorbjörg Jensdóttir

Pálmi Jónsson

Varamenn í stjórn:

Jóhanna Lilja Torfadóttir (jliljat@gmail.com)

Ingi R Ingason (ingir@ruv.is)

Helga Dögg (helgadogg@helgadogg.is)

Þeir sem halda áfram í stjórn og eiga eitt ár eftir eru:

Davíð Ingi Jónsson

Lárus Sölvason

María Pálsdóttir

Skólaráðsfulltúar

Ólöf Kristín Sívertsen - býður sig fram í eitt ár til að reyna að tryggja að báðir aðilar í skólaráði hætti ekki á sama tíma.

Óskar Kristjánsson – til tveggja ára

Skoðunarmenn reikninga

Elva Mjöll Þórs

Þórhallur Jóhannsson

Liðurinn „Önnur mál“

Rætt um hvernig hægt er að stuðla að meiri og virkari þátttöku, ýmsar hugmyndir t.d. að setja meira á Facebook.

Nokkur umræða um hvernig hægt væri að hvetja bekkjafulltrúa og aðra í starfinu.

Tinna: Gott dæmi nefnt um hitting hóps í fyrsta bekk þar sem aðeins foreldrar hittust.

Virkja fulltrúaráð sem samanstendur af bekkjarfulltrúunum.